

Mánudaginn 28. apríl 1997.

Nr. 180/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn

Láru Dís Sigurðardóttur

(Ástríður Grímsdóttir hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. apríl 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. júní 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Samkvæmt greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti er rannsókn máls þessa, sem varðar innflutning og viðskipti með verulegt magn fíkniefna, á lokastigi, og verður málið sent ríkissaksóknara á næstu dögum. Að þessu athuguðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. apríl 1997.

Ár 1997, þriðjudaginn 22. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Láru Dís Sigurðardóttur, kt. 130261-7019, verði gert

að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16 á morgun, allt til miðvikudagsins 4. júní nk. kl. 16, en þó ekki lengur en þar til dómur gengur í máli hennar, verði það fyrr, vegna grunar um brot gegn 173. gr. a og b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 65/1974.

— — —

Þar sem sterkur grunur er um, að kærða hafi framið afbrot, sem varðað getur við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, er skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 fullnægt til að verða við kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um framhald gæsluvarðhalds kærðu. Verður því að taka kröfuna til greina, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærða, Lára Dís Sigurðardóttir, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16 á morgun, allt til miðvikudagsins 4. júní nk. kl. 16.
